

Samþykkiseyðublað vegna sérstakrar vinnslu persónuupplýsinga

Hjúkrunarheimilið Sólvangur heldur úti opinberri Facebook síðu þar sem fjallað er um starfsemi heimilisins og gjarnan birtar myndir frá viðburðum eða úr daglegu starfi félagsins. Á lokaðri Facebook síðu fyrir aðstandendur eru gjarnan birtar myndir frá viðburðum eða úr daglegu starfi heimilisins. Hjúkrunarheimilið Sólvangur heldur einnig úti heimasíðu á vefslóðinni www.solvangur.is þar sem birtar eru upplýsingar um starfsemi félagsins, m.a. myndir frá starfi og samskiptaupplýsingar við tiltekna starfsmenn. Þá gefur notkun á Facebook og vefsíðunnar fyrst og fremst hugsuð sem liður í kynningu á starfsemi heimilisins og fyrir íbúa og aðstandendur til að fylgjast með því starfi og þeim viðburðum sem fram fara á vegum heimilisins. Upplýsingum Facebook notenda í Evrópu er, samkvæmt persónuverndarskilmálum Facebook, stýrt af Facebook í Írlandi. Gögn notenda eru þó send, vistuð eða unnin í þriðju löndum, svo sem Bandaríkjunum, og eru þar með ekki vernduð af almennu persónuverndarreglugerðinni (REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/679, frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsta miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB).

Heimasíðan er unnin af fyrirtækinu stjórnendum félagsins og hýst hér á landi. Gerður hefur verið vinnslusamningur við vefumsjónaraðila um vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem á henni eru birt. Hjúkrunarheimilið Sólvangur er ábyrgt fyrir þeim persónuupplýsingum sem birtast á opinberum síðum og fréttamiðlum félagsins. Félagið leitast við að takmarka eftir fremsta megni þær persónuupplýsingar sem settar eru þar inn og birtir einungis myndir og nöfn þeirra sem veitt hafa samþykki sitt fyrir slíkri birtingu nema um sé að ræða myndir frá opinberum viðburðum heimilisins. Þá mun félagið aldrei taka og birta myndir eða myndbönd af aðilum í viðkvæmum aðstæðum eða án hans vitundar. Engum er skylt að samþykkja myndbirtingar eða nafngreiningu á opinberum síðum eða fréttamiðlum félagsins. Hjúkrunarheimilið Sólvangur óskar því eftir því að ættingjar láti vilja sinn í þessum efnum í ljós með því að svara neðangreindum spurningum. Tekið skal fram að ættingi getur á hvaða tímapunkti sem er breytt afstöðu sinni og skal erindi þess efnis sent persónuverndarfulltrúa félagsins, sem er:

Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir,
 gunnhildur@samtok.is,
 sími 585-9532/861-1881.

	Já	Nei
Ég óska eftir að vera á tölvupóstlista hjúkrunarheimilisins Sólvangs og fá sendar upplýsingar/markpóst/fréttabréf um það sem er á döfnni á hjúkrunarheimilinu		
Ég samþykki að myndir af mér séu birtar á opinberri Facebook síðu hjúkrunarheimilisins Sólvangs		
Ég samþykki að myndir af mér séu birtar á lokaðri Facebook síðu hjúkrunarheimilisins		
Ég samþykki að slíkar myndir séu birtar á heimasíðu hjúkrunarheimilisins Sólvangs		
Ég samþykki að slíkar myndir séu birtar í fréttabréfi/tímariti hjúkrunarheimilisins Sólvangs		

Með undirritun minni staðfesti ég að mér hafa verið kynntar ofangreindar upplýsingar um sérstaka vinnslu persónuupplýsinga, að ég skilji þá áhættu sem felst í því að persónuupplýsingar mínar séu vistaðar á opinberum síðum félagsins, að vilji minn sé í samræmi við svör mín í ofangreindri töflu og að ég hafi ekki verið beitt(ur) þvingunum á nokkurn hátt við ákvörðun mína.

Staður og dagsetning

Nafn ættingja og kennitala

Netfang

Nafn íbúa